




Áætlun Stykkishólshafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum

1. Meginmarkmið með gerð þessarar áætlunar um móttöku og meðhöndlun sorps frá skipum sem kom til Stykkishólshafnar er að uppfylla reglur um verndun hafs og stranda landsins. Lýsa aðferðum og móttökustöðum fyrir hinar ýmsu gerðir úrgangs sem skip koma með til hafnar.

2. Losun á sorpi af hafnarsvæðinu er í föstum skorðum s.k.v. samningum við Íslenska Gámafélagið. Engin formeðferð á sorpi fer fram á hafnarsvæðinu fyrir utan flokkun á pappa, plasti, málm og rafgeymum. Sex þúsund lítrar af lokuðum sorpkörum eru á hafnarsvæðinu, tíu flokkunartunnur, eitt þúsund lítra kar fyrir Járn og víra og tveir þúsund lítra lokaðir tankar fyrir olíusora. Tvö þúsund lítra kör og ein flokkunartunna eru staðsettur við Ferjubryggjuna. Á Stykkisbryggju eru tvö þúsund lítra kör eitt þúsund lítra járnkar og tankur fyrir úrgangsolíu. Á löndunarbryggju er tvö þúsund lítra kör. Við smábátahöfnina eru fjórar flokkunartunnur og úrgangsolútankur. Við hafnarhúsið eru svo fimm flokkunartunnur (sjá yfirlitsmynd). Fjöldi og stærð sorpíláta er metin út frá reynslu fyrri ára og er talin fullnægjandi og í samræmi við þarfir þeirra sem nota höfnina. Á hafnarhúsinu er stórt upplýsingaskilti þar sem staðsetning á sorpílátum er sýnd og við hvern ber að hafa samband um þjónustu. Losun á olíuúrgang frá stærri skipum er í verkahring olúfélaganna sjálfra og koma þau með olíuúrgangsvagn og er hann fjarlægður af hafnarsvæðinu um leið og notkun er lokið. Minni bátar losa olíusora í úrgangsolútanka sem eru staðsettir á hafnarsvæðinu sem eru svo losaðir af olúfélagunum. Ef losa þarf skolp frá skipi er haft samband við hafnarvörð og kallar hann þá til dælubíl sem losar svo skolpið í þar til gerðan skolptank. Á síðasta ári voru báta og skipakomur um tvöþúsund og fjögurhundruð og voru það mest litlir bátar undir fimmtán brúttólestum.

Þetta eru þær verklagsreglur sem við hafðar hafa verið undangengin ár. Magn sorps á hverju ári frá skipum og bátum er u.þ.b. 240 rúmmetrar af almennu sorpi, 20 rúmmetrar af plasti og pappa, 2 rúmmetrar af spilliefnum (olíusúr, rafgeymar) 2800 lítrar af úrgangsolíu og u.þ.b. eitt tonn af óvirkum úrgangi.



Mynd 2Yfirlitsmynd af hafnarsvæði Stykkishólshafnar, sýnir staðsetningu sorpíláta.



3. Í 12 gr. gjaldskrár Stykkishólshafnar er að finna þann kostnað sem útgerðir greiða fyrir sorpmóttöku. Gjaldskrána er að finna skrifstofu hafnarinnar og á vefsíðu Stykkishólmsbæjar.

4. Samningur er við Íslenska Gámafélagið um losun og leigu á sorpílátum. Samráð er haft við starfsmenn Íslenska Gámafélagsins um losun og staðsetningu sorpíláta. Formlegar reglur eru um umgengni með sorp á hafnarsvæðinu á milli notenda og stjórnenda hafnarinnar. Reglur þar að lútandi eru bæði skriflegar og munnlegar.

5. Ef tilkynning um úrgang og farmleifar berst höfninni er hafnarverði skylt að ganga úr skugga um að það sé samræmi á því magni og samsetningu á sorpi og fram kemur í tilkynningu frá skipinu.

6. Kvartanir um þjónustustig ef einhverjar eru berast til hafnarvarða og eru þá þeir hlutir lagaðir hið snarasta.

7. Gerð þessarar áætlunar um sorpmóttöku Stykkishólshafnar er á höndum hafnarvarðar Stykkishólshafnar og ber hann ábyrgð á að henni.

8. Við gerð þessara áætlunar var stuðst við lög og reglugerðir um þennan málaflokk s.s. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglug. nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum og nr. 1201/2014 um gjaldtöku höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Einnig lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Einnig reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum, reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang og reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

9. Móttaka og meðhöndlun sorps og spilliefna í sorpílát hjá Stykkishólshöfn er í föstum skorðum eins og verið hefur til margra ára. Allt sorp sem kemur á land af skipum og bátum er sett í þar til gerð sorpílát. Staðsetning sorpíláta er eins og sést á yfirlitsmynd af hafnarsvæðinu. Ekki er bein skráning á því magni af sorpi sem kemur í land frá skipum í höfninni heldur er stuðst við þá reikninga sem koma frá Íslenska Gámafélaginu og þeim tölum sem koma fram þegar sorp er vigtað á hafnarvog. Magn á úrgangsolía fæ ég upgefið hjá Olíudreyfingu í lok hvers árs.

10. Endurskoðun á áætlun þessari fer fram á þriggja ára fresti og ef einhverjar breytingar verða á meðferð og á vinnureglum um móttöku á sorpi til Stykkishólshafnar. Næsta endurskoðun mun því fara fram eigi síðar en í maí 2018.

Stykkishólmi 21.09.2016

Hrannar Pétursson
Hafnarvörður Stykkishólshafnar